

Aðalfundur Samfés 27.-28. apríl 2017

Alþýðuhúsinu Skipagötu 14 (4. hæð), Akureyri

Dagskrá

Fimmtudagur 27.apríl.

1. Skráning hefst kl.13.00

2. Aðalfundur hefst kl.14.00

2.1 Formaður setur fund

2.2 Tilnefning fundarstjóra og ritara, eftirtaldir tilnefndir og samþykktir

Vilborg Hjörny Ívarsdóttir fundarstjóri

Dagný Björg Gunnarsdóttir fundarritari

Ása Kristín Einarsdóttir fundarritari

3. Skýrsla stjórnar og nefnda

3.1 Skýrsla formanns

Svava Gunnarsdóttir formaður las sína skýrslu þar sem hún fór yfir stjórnarárið og helstu verkefni, áfanga og viðburði starfsársins. Sjá skýrslu formanns sem aðgengileg er að heimasíðu Samfés.

3.2 Skýrsla ungmennaráðs

Embla Blöndal og Anna Kristjana úr ungmennaráði Samfés (tveir fulltrúar af 27). Þær fóru yfir helstu verkefni, viðburði, breytingar og áfanga sem ungmennaráðið hafði umsjón eða viðkomu við. Sjá skýrslu formanns sem aðgengileg er að heimasíðu Samfés.

3.3 Skýrsla erlendra samskipta

Óli Örn Atlason fer yfir skýrslu erlendra samskipta þar sem hann er aðaltengiliður ECYC. Hann fjallaði um þau samstarfsverkefni sem voru og eru í gangi ásamt því hvernig Samfés komst í þá stöðu að vera eftirsóttur samstarfsaðili þegar kemur að þessum vettvangi. Sjá skýrslu erlendra samskipta á heimasíðu Samfés.

Umræður:

Aðili úr sal spyr út í atriði í skýrslu stjórnar, þæling um hvort við sem þjóð séum hrædd um hryðjuverk og þess háttar. Óli svarar og útskýrir verkefnið „Violent & radicalization“ og tilgang þess í Evrópu.

4. Inntaka nýrra félaga

Ungmenna-Húsið á Akureyri sótti um inngöngu í fyrrasumar og hefur verið í vetur á tímabundinni inngöngu. Hér og nú kosið um inngöngu þeirra.

Kjartan Sigtryggsson, Guðrún Þórsdóttir og Jóhann Malmquist flytja erindi

Ungmenna-Hússins. Hann lýsir aðstöðunni sem er í boði hjá þeim ásamt því starfi sem er í gangi hjá þeim. Einnig fara þau vel yfir starf Virkisins sem er undir Ungmenna-Húsinu.

Með – einróma já. Enginn sem var á móti og enginn sat hjá.

Kaffihlé kl. 15.15-15.30. Boðið upp á kaffi, kex og vínber.

5. Ársreikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar

Árið 2016 yfirfarið. Farið yfir tekjur og gjöld, rökstutt af hverju ákveðin gjöld eru sett inn á ákveðna viðburði og hvar reikningar annarra komu eftir áramót og því inn á nýtt tímabil. Helstu umræður voru einmitt um gjöld sem voru hærri milli ára en í flestum

tilfellum tilheyrðu þá fyrra ári eða að styrkur var bak við gjöldin. Hugmynd að bóka 20% sem eign sem á eftir að koma inn fyrir fram þegar við vitum að eitthvað eigi eftir að koma inn t.d. ógreiddar tekjur. Visað til næsta gjaldkera. Samþykkt einróma. Enginn á móti og enginn sat hjá.

6. Lagabreytingar

a)

Senda þarf lagabreytingar 15 dögum fyrir aðfund. Tvær lagabreytingartillögur voru sendar.

Lagabreytingatillögur 1 - Linda Björk Pálsdóttir varaformaður kynnir þá lagabreytingu sem kemur frá stjórn Samfés.

Breytingin er um 1. grein laga Samfés.

1.greinin er nú: „Heiti samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi er Samfés. Samtökin eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva á Íslandi. Varnarþing samtakanna er í Reykjavík.“

1. greinin yrði: „Heiti samtakanna er Samfés – **samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi**. Samtökin eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva og **ungmennahúsa** á Íslandi. Varnarþing samtakanna er í Reykjavík.“

Atkvæði í sal: 62.

Með: 55

Móti: 1

Situr hjá: 0

Umræða:

Spurning úr sal: „hefur komið hugmynd að breyta nafninu úr Samfés í eitthvað annað?“ Einnig „nafnið Samfés hefur oftast en ekki tengst ballinu og að Samfés sé bara ball“

Svar stjórnar: Já þessi umræða hefur komið upp áður.

b)

1. greinin nú eftir breytinguna sem var rétt í þessu samþykkt: „Heiti samtakanna er Samfés – **samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi**. Samtökin eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva og **ungmennahúsa** á Íslandi. Varnarþing samtakanna er í Reykjavík.“

1. greinin yrði þá að lokum,„Heiti samtakanna er Samfés – **samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi**. Samtökin eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva og **ungmennahúsa** á Íslandi. Varnarþing samtakanna er í Reykjavík. Á ensku heita samtökin Youth Work Iceland.“

Viðbót við breytingu: Kom skriflega.

„Heiti samtakanna er Samfés -**samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi**. Samtökin eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. Varnarþing samtakanna er í Reykjavík. Á ensku heita samtökin **Samfés - Youth Work Iceland**.“

Viðbót: með allir, enginn á móti.

Breytingartillaga: ekki kosið þar sem viðbót samþykkt einróma með 63 atkvæðum.

C) Óli Örn Atlason úr Fönix og gjaldkeri samtakanna kynnis sína breytingartillögu. Hún er á 7. grein laganna.

7. gr. fyrir:

[...]

Kjörgengir til stjórnar Samfés eru þeir aðilar sem sem hafa seturétt á aðalfundi skv. 4. grein laga samtakanna.

[...]

7. gr. eftir:

[...]

Kjörgengir til stjórnar Samfés eru þeir aðilar **sem** sem hafa seturétt á aðalfundi skv. 4. grein laga samtakanna. **Heimilt er að bjóða sig fram til tveggja ára setu í stjórn við framboð í aðalstjórn.**

[...]

Rök:

Umræða: Þessi grein gengur stutt, festa frekar að það sú tveir meðstjórnendur sem eru til tveggja ára og einn til eins árs eða eitthvað í þá áttina. Einnig „Kjörgengir til stjórnar Samfés eru þeir aðilar **sem** sem hafa seturétt á aðalfundi“. Má þá aðili sem hefur seturétt á aðalfundi bjóða sig fram þó það sé ljóst að aðilinn muni ekki starfa á vettvangi eftir nokkra mánuði? Ýmis umræða en öll jákvæð í þessa tillögu. Hugmynd að vísa tillögunni til stjórnar til breytingar og leggja fyrir á næsta aðalfundi. Hugmynd að vísa í teymi sem kæmi með skriflega breytingu á tillögunni til samþykktar á morgun.

Frávísunartillaga send skriflega:

Aðalfundur Samfés 2017 ályktar að lagabreytingartillögu um grein 7 í lögum samtakanna verði vísað frá og því verkefni vísað til nýrrar stjórnar að á Aðalfundi Samfés 2018 komi stjórn með tillögu til breytinga á grein 7 í lögum samtakanna varðandi lengd á kjörtímabili kosinna fulltrúa og í hvaða embætti kosið er.

Kosið um frávísunartillögu sem send var, ef hún er felld þá 63 gild atkvæði í salnum.

Með því að vísa frá: 41

Á móti því að vísa frá: 12

Sitja hjá: 10

Greidd atkvæði 63

Niðurstaðan er að kjósa um upphaflegu breytinguna hans Óla.

Með upphaflegu lagabreytingunni: 18

Á móti upphaflegu lagabreytingunni: 37

Sitja hjá: 7

Greidd atkvæði 62 af 63

Niðurstaða felld

Lög í heild samþykkt einróma eftir lagabreytingar og lagabreytingatillögur. Greidd atkvæði

Lagt fyrir fundin að fresta kosningum og því sem er eftir til morguns. Samþykkir 59 og hlutlausir eru þrír og einn á móti.

Kl.17.00 Hlé

Kl.19.30 Kvöldmat og kvöldskemmtun (það er leyfilegt að koma með eigið nesti)
Útnefning heiðursfélaga og viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni á vettvangi frítímans

Föstudagurinn 28.04.17

Morgunmat frá kl.09.00-10.00

Lagt undir fundinn að byrja fund á 2.1 Dagskrá vetrarins 2016-2017. Samþykkt.

2.1 Dagskrá vetrarins 2017-2018

Victor framkvæmdastjóri fer yfir dagskránnu fyrir næsta vetur.

Umræður

Landsþing Ungmennahúsa – gekk vel og hefur komið beiðni að hafa tvisvar yfir árið.

Ef bara einu sinni þá að hausti. **ATH sterk beiðni að taka út dagsetninguna í drögum og færa á haust.** Vísað til nýrrar ungmennahúsanefndar.

Samfestingur – hugmyndir um dagsetningar. Huga þarf að ýmsu eins og samræmdum prófum, rúningu fjár, páskum og fleiru. Stjórnin mun skoða dagsetninguna mjög vel.

SamfésCon – Gott að hafa í byrjun janúar og að hafa t.d annan föstudag í janúar (helst ekki á þrettándanum).

7. Kosningar skv. 7. og 8. grein laga samtakanna.

7.1 Gjaldkeri

Framboð:

Dagný Björg Gunnarsdóttir (Himnaríki) - Sjálfkjörin þar sem ekki var annar aðili sem bauð sig fram. Búin að skila inn stuðningi frá yfirmanni.

7.2 Þrjá meðstjórnendur (varaformaður, ritari og meðstjórnandi) – í húsi eru 60 atkvæði

Framboð:

Sandra Karlsdóttir (Aldan, Hafnarfirði)

Sigríður Etna Marinósdóttir (Þruman, Grindavík)

Steinar Már Unnarsson (Ekkó, Kópavogi)

Sigríður Tinna Heimisdóttir (Sigyn, Gufunesbæ)

Þau sem eru feitletruð eru þau sem kosin voru sem meðstjórnendur

7.3 1.-3. varamaður

Framboð:

Sandra Karlsdóttir (Aldan, Hafnarfirði) – annar varamaður

Edda Ósk Einarsdóttir (Holtið) – þriðji varamaður

William Óðinn Lefever (Zion) – Fyrsti varamaður

7.4 Tvo skoðunarmenn reikninga

Framboð:

Ester Ösp Valdimarsdóttir (Ozon)

Gunnar E. Sigurbjörnsson (Pakkhúsið)

7.5 Einn skoðunarmann reikninga til vara

Gísli Rúnar Gylfason (Týr)

7.6 Tengiliður erlendra samskipta

Óli Örn Atlason var kosinn í fyrra til tveggja ára og því þarf ekki að kjósa hann þetta árið.

7.7 Varatengiliður erlendra samskipta

Kári Sigurðsson bauð sig fram, og dró til baka sitt framboð

Linda Björk Pálsdóttir (Undirheimar)

8. Tilnefningar í nefndir og ráð kl.10.00

8.1 Markaðsnefnd (4-5)

Ívar Orri (Bústaðir)

Ása Kristín (105)

Ægir Freyr (Tónabær)

Sandra Karlsdóttir (Aldan)

8.2 Starfsdaganefnd (3-4)

Hildur Þóra Sigurðardóttir (Þróttheimar)

Sigríður Etna Marinósdóttir (Þruman)

Laufey Sif Ingólfssdóttir (Dimma)

Hlynur Einarsson (hundaraðogellefu)

Gunnar E. Sigurbjörnsson

8.3 Stíll undirbúningsnefnd

Valentina Tiganelli Dregyn)

Þórunn Þórarinsdóttir (Hraunið)

8.4 Mótanefnd (3-4)

Kristján Ari Halldórsson (Bakkinn)

Magnús Björgvin (Púgyn)

Gísli Felix (Buskinn) – á eftir að ræða við hann

Halldór (Kjarninn)

Sunneva (Þóttheimar)

8.5 SamfésCon nefnd

Vilborg Hjörny Ívarsdóttir (Trója)

Guðrún Þórsdóttir (Ungmenna-Húsið)

Jónína Ó. Ingólfssdóttir (Zelsíus)

Kjartan Sigtryggsson (Ungmenna-Húsið)

Óli Gunn (Trója)

8.6 Ungmennahúsanefnd (4-5)

Kjartan Sigtryggsson (Ungmenna-Húsið)

Hreiðar (Hitt Húsið)

Molinn og Pakkhúsið tilnefna ungmenni frá sér.

Ný nefnd – Fagnefnd

Gerður Dýrfjörð, Árni Guðmundsson og Gunnar E. Sigurbjörnsson komu með þá hugmynd að búa til Fagnefnd. Þau ætla að setjast niður saman og skoða hvernig svona nefnd muni starfa og hvert hlutverk hennar yrði. Þau hafa svo samband við stjórn og verður skoðað vel fyrir næsta aðalfund.

9. Önnur mál.

Ábending til aðalfundar að það væri sniðugt að hafa stutt hópefli og nafnaleik í upphafi eða í kaffihlé aðalfundar svo að fólk þekkist enn betur.

Twitter umræða – Samfésarar hvattir til að fylgja Samfés á Twitter.

2.1 Dagskrá vetrarins 2016-2017 – tekið í upphafi fundar.

2.2 Danskeppni Samfés og SamfésCon

Danskeppni Samfés – ábending um að ákveðin atriði væru greinilega samansafn frá dansstúdíóum. Pressa á unglíngana að keppa í hópnum sínum en ekki félagsmiðstöðinni og togstreita á milli. Einnig ábending um að leyfa líka einstaklingskeppni innan danskeppninnar, sem er planið fyrir næsta ár. Ábending einnig að hafa viðburði þéttari saman svo landsbyggðin eigi auðveldara með að fjölmenna á viðburði. Hugmynd að færa líka viðburði út á land.

10. Heimskaffi - Viðburðir, markmið og rekstur Samfés.

Sjö hópar þar sem viðburðir, markmið og rekstur Samfés. Allir hópar skrifa niður umræður sínar á plaköt sem er úthlutað í hvern hóp. Að umræðum loknum koma hópar í pontu og kynna það sem rætt var um í þeirra hóp.

Helstu punktar

Markmið Samfés

Samfés ætti að vera ráðgjafandi

Leiðandi í málefnum og umræðu

Skilgreina hvað er félagsmiðstöð og ungmennahús og hvað þurfi að gera til að flokkast sem slíkt. Lagfæra þriðju grein laga Samfés

Reglulegar að hafa World Cafe – Má skipta eftir landshlutum eða hvað sem er. Ákveðin umræðuefni.

Tala um Samfés af sannfæringu og vita hvað viðburðir heita og hvað felst í störfum Samfés og hvað felst í viðburðum.

Rekstur Samfés

Það er í góðu lagi að minni viðburðir og ákveðnir hlutir séu ekki í plús svo lengi sem það er til inneign fyrir því.

Hafa samband við á ráðuneytin, auka samstarf, sækja styrki í sjóði og óska eftir samstarfssamningi til framtíðar. Passa upp á aðkeypta vinnu á viðburðum og öðru slíku.

Viðburðir Samfés

Ungmennahús

Listi yfir öll ungmennahúsin á landinu. Það þarf að skoða hlutverk og markmið ungmennahúsa innan Samfés. Þurfa að hjálpast að við að vera virk og halda ungmennahúsaping með föstu millibili, landsmót ungmennahúsa og annað í þá áttina í samvinnu við Samfés.

Fundi slitið kl.12:37

Samfés. Norðlingabraut 12. 110 Reykjavík. Sími 411-5845/897-5254. Netfang samfes@samfes.is